

Nd.

368. Frumvarp til laga

[207. mál]

um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Friðrik Sophusson, Birgir Ísl. Gunnarsson, Albert Guðmundsson.

1. gr.

63. gr. laganna orðist svo:

Tekjuskattsstofn hjóna, sem samvistum eru, er helmingur af samanlögðum tekjuskattsstofni beggja. Hafi annað hjóna neikvæðan tekjuskattsstofn skal draga þá upphæð frá tekjuskattsstofni hins.

Karl eða kona, sem búa saman í óvígðri sambúð og eiga sameiginlegt lögheimili, eiga rétt á að telja fram og vera skattlögð sem hjón, sem samvistum eru, ef þau hafa átt barn saman eða ef konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a. m. k. tvö ár, enda óski þau þess bæði skriflega við skattyfirvöld.

2. gr.

Í stað orðanna „3. mgr. 63. gr.“ í 1. mgr. 64. gr. laganna komi: 2. mgr. 63. gr.

3. gr.

1. mgr. 65. gr. laganna orðist svo:

Tekjur barns, sem er innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sbr. 6. gr., skulu leggjast við samanlagðan tekjuskattsstofn foreldranna, ef foreldrarnir eru skattlagðir sem hjón skv. 63. gr.

4. gr.

2. mgr. 67. gr. laganna orðist svo:

Samanlögðum tekjuskatti hjóna samkvæmt 63. gr. skal skipt á milli þeirra í hlutfalli við tekjuskattsstofn hvors um sig. Hafi annað hjóna neikvæðan tekjuskattsstofn skal hitt greiða tekjuskattinn allan.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar skattalögunum var breytt á árinu 1979 var mikið rætt um svokallaða samsköttun hjóna, þ. e. að hvoru hjóna yrði reiknaður skattur af helmingi tekna heimilisins. Var litið þannig á, að konan „ætti“ helming af tekjum mannsins og að maðurinn „ætti“ helming af tekjum konunnar. Þannig var frumvarpið til skattalaga lagt fram, og lengi vel var ekki rætt

um aðra kosti í þessu sambandi. Síðar var farið að ræða svokallaða sérsköttun hjóna, þ. e. að hjónin ætti að skattleggja hvort í sínu lagi eins og um tvo einstaklinga væri að ræða. Var sú aðferð talin stuðla að auknu jafnrétti kynjanna og varð hún ofan á við endanlega afgreiðslu skattalaga og hefur verið í lögum síðan.

En hvernig hefur þetta komið út? Nú er hægt að meta það í ljósi reynslunnar.

Þau heimili, þar sem tekjur hjónanna eru mismiklar, borga hlutfallslega meiri skatta en heimili með jafnar tekjur hjóna. Er skattbyrðin þeim mun þyngri sem mismunur á tekjum hjónanna er meiri og er þá hæst þegar annað hjóna (oftar karlmaðurinn) aflar allra teknanna. Hér er átt við skattbyrði af heildartekjum hjónanna.

En hvaða heimili eru það, þar sem tekjur hjóna eru verulega mismiklar? Það eru fyrst og fremst heimili með mikla ómegð sem bindur annað hjóna, aðallega konuna, heima, einnig þau heimili þar sem annar aðilinn er mikið fjarverandi vegna starfa sinna: sjómenn, verkamenn við virkjanir, flugmenn o. s. frv., þó að barnafjöldinn sé e. t. v. ekki mikill. Það er útilokað fyrir konu verkamanns, sem vinnur uppi á hálendi, að vinna úti og sjá jafnframt um eitt eða fleiri börn. Hún verður að vera heima að gæta barnanna. Þá er og vert að geta þeirra heimila, þar sem annað hjóna verður að vera heima og annast langlegusjúkling, aldrað foreldri, vangefið barn eða bæklað. Fleira mætti telja, t. d. námsfólk, þar sem annað hjóna vinnur fyrir hinu meðan það er við nám, svo og hátekjumenn, þar sem konan er heima af því að hún þarf ekki að vinna utan heimilis.

Flest þeirra heimila, sem talin eru upp hér að framan, eru þannig að ekki mun vera vilji með þjóðinni að skattleggja þau sérstaklega. Það hefur orðið mikil hugarfarsbreyting hjá þessari þjóð, ef ætlunin er að skatta ómegðina, en þannig kemur sérsköttun hjóna út í reynd. Frá sjónarmiði þeirra, sem stuðla vilja að jafnrétti kynjanna, hlýtur það að líta undarlega út að segja að kona, sem gætir barna og bús og gerir bónda sínum kleift að vinna utan heimilis fyrir miklum tekjum, geri ekki neitt, vinnuframlag hennar sé einskis metið, þótt hún vinni öllum stundum. Auðvitað „á“ hún helming af tekjum mannsins. Hann gæti ekki unnið, ef hann ætti að sjá um börnin sín sjálfur. Hitt er svo annað mál, að sá, sem gætir barnanna tekjulaust (yfirleitt konan) er að ala upp nýja kynslóð, sem seinna meir mun standa undir lífeyriskerfi landsmanna, og fær þó engin lífeyrisréttindi út á það. Er ekki óþarfi að skatta hana sérstaklega umfram aðra, sem ekki annast börn?

Sérsköttun hjóna hefur vafalaust haft þau áhrif, að fleiri konur hafa farið út að vinna, þar sem karlinn getur ekki staðið undir sköttunum einn. Við það eykst þörfin fyrir barnaheimili, sem niðurgreidd eru yfir 75%. Og hver skyldi borga þann kostnað? Er það ekki m. a. karlinn tekjuhái, sem leyfir sér þann lúxus að hafa konuna sína „aðgerðalitla“ yfir fjórum ungbörnum heima? Niðurgreiðslur barnaheimila með þremur börnum eru orðnar meiri en tekjur verkamanna fyrir dagvinnu. Eðlilegt er að spurt sé, hvort þetta sé rétt þróun.

Tekjutap ríkissjóðs vegna frumvarps þessa verður eflaust nokkuð og er ekki auðvelt að reikna það út. Auðvitað má gera könnun á því, hve breytingin ein sér á skattalögnum veldur miklum tekjumissi fyrir ríkissjóð miðað við óbreytt ástand. En það er ekki vafi, að breytingin mun hafa áhrif í þá átt, að tekjur hjóna innbyrðis munu breytast. Einnig má ætla að þörf fyrir barnaheimili minnki. Þá er óljóst hvaða áhrif þessi breyting mun hafa til bættra framtala og þar af leiðandi hærri tekna ríkissjóðs.